

Alþingi
Erindi nr. P 125/1549
komudagur 13. 4. 2000



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Félagsmálanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 10. apríl 2000.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um hópuppsagnir, 469. mál.

Veturinn 1999 og fram eftir sumri það ár átti sér stað hrina hópuppsagna sem framkvæmdar voru á ólögmætan hátt og í andstöðu við l. 95/1992. Alþýðusamband Íslands gerði könnun á umfangi þeirra. Samtals máttu 452 félagar Alþýðusambandsins þola ólögmætar hópuppsagnir á þessu tímabili. Vinnumálastofnun og Félagsmálaráðuneyti voru rituð bréf vegna þessa (sjá fskj.1 - 3) og fékkst þá enn frekari staðfesting á ófullnægjandi framkvæmd gildandi laga (sjá fskj. 4). Gerðar voru kröfur um úrbætur og samstarf. Síðla vetrar litu dagsins ljós drög að frumvarpi til nýrra laga um hópuppsagnir. Gott samráð hefur verið haft við Alþýðusamband Íslands við samningu þess og rúm tækifæri gefist til umsagnar og athugasemda sem að verulegu leyti hafa verið teknar til greina. Í frumvarpinu er með skýrum hætti skilið milli áformaðra uppsagna og framkvæmdra og tekin upp ákvæði um viðurlög og bættá málsmeðferð sem leiðir til betri framkvæmdar og samræmis við meginefni og tilgang tilskipunar 98/59/ES. Eftir sem áður ber þó brýna nauðsyn til þess að stjórnvöld vaki yfir framkvæmd laganna og bregðist við í tíma ef gegn þeim er brotið.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við einstakar frumvarpsgreinar.

Um 6.gr. Í 6.gr. frumvarpsins er fjallað um þær upplýsingar sem veita skal við upphaf samráðs og meðan uppsagnir eru enn áformaðar. Hins vegar er ekki að finna nein efnisákvæði um framkvæmd samráðsins og er það galli. ASÍ er ljóst að erfitt er að setja í lög ákveðnar reglur um framkvæmd samráðsins en telur alveg ljóst að frumskilyrði þess að ákvæðin um samráð nái markmiðum sínum sé að ákveðinn tímarammi verði settur á framkvæmd þess. Sú reynsla sem ASÍ hefur fengið staðfesta af framkvæmd samráðsins er, að það hefur falist í hrárrí og einfaldri upplýsingagjöf samhliða því að uppsagnir sem þegar hafa verið ákveðnar eru tilkynntar. Þetta er með öllu óviðunandi og ljóst að samráð framkvæmt með þessum

hætti er einskisvert og andstætt markmiðum frumvarpsins og tilskipunarinnar.

Eins og túlka máttl 6.gr. gildandi laga mátti ætla að a.m.k. 30 dögum fyrir framkvæmd hópuppsagna ætti samráð að hefjast. Þessari túlkun er hafnað í greinargerð með frumvarpinu. Af þessu tilefni eru gerðar tvær athugasemdir. Í fyrsta lagi er gerð sú athugasemd, að með niðurfellingu 6.gr. gildandi laga er verið að draga úr réttindum launafólks. Niðurfelling þessa ákvæðis felur það í sér að Íslensk stjórnvöld hyggjast færa réttaröryggi Íslensks launafólks niður á lágmark tilskipunarinnar og draga úr skyldum atvinnurekenda gagnvart samfélaginu og starfsmönnum sínum í stað þess að viðhalda þeim skyldum og því réttaröryggi sem í gildi er hér á landi. Í öðru lagi er gerð sú athugasemd að með því að fella 6.gr. gildandi laga út er allur túlkanlegur tímarammi um samráðið felldur út án þess að nokkuð komi í staðinn sem veitt getur aðhald við framkvæmd laganna.

Í því skyni að gera hið lögmælt samráð virkt leggur ASÍ til að tekin verði upp í frumvarpið ákvæði sem sambærileg eru við 7.gr. dónsku laganna um sama efni, LOV 414/01/06/1994, að teknu tilliti til aðstæðna hér á landi. Við tiltekna aðstæður ber samkvæmt þessum ákvæðum að líða a.m.k. 21.dagur frá því samráð hefst og þar til tilkynning um lok samráðs er send yfirvöldum. Þetta skapar nokkurt aðhald um að eitthvert efnislegt og virkt samráð eigi sér stað.

Um 7.gr. Lagt er til að aftan við 1.mgr. 7.gr. frumvarpsins verði bætt kröfu um gjöf eftirfarandi upplýsinga til svæðisvinnumiðlunar: *„Hvort tekist hafi að forðast hópuppsagnir eða fækka starfsmönnum sem fyrir verða. Hafi það ekki tekist þá hvers vegna og hvaða félagslegar aðgerðir hafi verið kannaðar. Hvort þær hafi auðveldað tilfærslur og hvaða aðgerðir séu áætlaðar til þess að stuðla að endurhæfingu starfsmanna.“* Þessi tillaga er gerð þar sem krafa af hálfu stjórnvalda um skýringar og niðurstöður gerir sjálfkrafa kröfu um að raunverulega hafi verið leitað úrræða og stuðlar það að betri framkvæmd laganna.

Sérstök athygli er vakin á því að brot gegn 5-7 gr. geta varðað refsingu. Þær reglur sem ákvæðin geyma verða því að vera skýrar og skilmerkilegar þannig að borgararnir geti áttað sig á efni þeirra og varast að brjóta gegn þeim. Mikilvægir réttarfars- og réttarvörsluhagsmunir eru fólgnir í því að setja samráðinu lágmarkstímaramma og skýra efni ákvæðanna með þeim hætti sem hér hefur verið lagt til með tillögum að breytingum á 6 og 7.gr.

Um 11 og 12.gr. sbr. 8.gr. Sérstaklega ber að fagna því að gerð er tillaga um viðurlög við brotum á 5-7 gr. ASÍ telur þó að þau ákvæði sem mæla fyrir um *„skaðabætur samkvæmt almennum reglum“* geti

gefið tilefni til óþarflega mikils réttarágreinings. Skýrara og til lengri tíma lítið er hagkvæmara að mæla fyrir um tilteknar bætur og eins, að yfirvöldum verði gefin heimild til þess að framlengja uppsagnarfresti ef ekki hefur eftir ákvæðum laganna verið farið. Þannig má koma í veg fyrir tjón og ágreining.

Lagt er því til í fyrsta lagi að 11.gr. frumvarpsins verði breytt og hljóði þannig: „*Atvinnurekandi sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum og réttindum einstakra launamanna samkvæmt þeim er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum. Skaðabætur vegna brota atvinnurekanda gegn ákvæðum 5-6.gr. nemi að lágmarki eins mánaðar launum miðað við meðaltal greiddra launa síðustu þrjá mánuði fyrir uppsögn.*”


Lagt er til í öðru lagi að svæðisvinnumiðlun verði heimilað að fresta gildistöku hópuppsagna um allt að 30 daga að liðnum sanngjörnum fresti hafi ákvæði laganna um samráð ekki verið uppfyllt. Lagt er því til að við 8.gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: „*Svæðisvinnumiðlun er heimilt að framlengja gildistöku uppsagna skv. 1.mgr. um allt að 30 daga. Tilkynningu þar að lútandi skal senda atvinnurekanda innan 7 daga frá því tilkynning skv. 7.gr. berst svæðisvinnumiðlun.*”

Um réttarfarsúrræði.

Samkvæmt 6.gr. tilskipunar 98/59/ES skulu stjórnvöld sjá til þess að til staðar sé dómstóla- eða stjórnarsýsluferill sem tryggji framkvæmd tilskipunarinnar og sem standi launamönnum og/eða trúnaðarmönnum þeirra til boða. Engin slík ákvæði eru í frumvarpinu. ASÍ telur ekki fullnægjandi að vísa til laga um almenna meðferð einkamála í héraði eða stjórnarsýslulaga. Í fyrsta lagi á trúnaðarmaður ekki aðild að slíku máli en í öðru lagi er um að ræða kostnaðarsama og seinfarna leið sem stuðlar ekki snöggri framkvæmd og tímanlegum viðbrögðum. Lagt er því til að launafólk og trúnaðarmönnum verði opnuð kæruleið um framkvæmd samráðs og hópuppsagna til Vinnumálastofnunar.

Að öðru leyti lýsir ASÍ yfir ánægju sinni með frumvarpið og hvetur til þess að það verði samþykkt. ASÍ áskilur sér þó allan rétt til þess að koma síðar á framfæri athugasemdum við einstakar greinar eða frumvarpið í heild gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllst,
f.h.Alþýðusambands Íslands



Grétar Þorsteinsson,
forseti ASÍ.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Vinumálastofnun,
Hafnarhúsinu v/ Tryggvagötu
101 Reykjavík.

Reykjavík 10. sept. 1999.

Fyrr á þessu ári átti sér stað hryna uppsagna á suðurlandi, norðurlandi og á vestfjörðum. Í framhaldinu hrinti Alþýðusamband Íslands af stað könnun meðal verkalýðsfélaga og trúnaðarmanna á þeim stöðum þar sem hópuppsagnir höfðu átt sér stað og beindist hún að eftirfarandi meginatriðum:

- a. Samráðsferli við trúnaðarmenn áður en til uppsagna kom.
- b. Samráðsferli við stéttarfélag áður en til uppsagna kom ef ekki hafði verið haft samráð við trúnaðarmenn.
- c. Atburðum eftir að uppsagir komu fram.

Á tímabilinu 10. júní til 17. ágúst 1999 var tíu verkalýðsfélögum sendur spurningalisti. Svör hafa borist frá átta þeirra. Samkvæmt þeim var alls 408 starfsmönnum sagt upp með hópuppsögnum á framangreindu tímabili, þar af 271 konur (66.5%) og 137 karlar(33.5%).

Í einu tilviki af 8 hafði verið haft samráð við trúnaðarmenn áður en til uppsagna kom. Það samráð fór fram að því er virðist til málamynda eða sama dag eða dagana áður en uppsögnum var hrint í framkvæmd. Jafnframt var ekki leitað samráðs um allt það sem leita átti samráðs um eða veittar þær upplýsingar sem veita átti en hvorutveggja eru ítarleg ákvæði í lögum. Í einu tilviki var haft samráð við viðkomandi stéttarfélag með aðkomu trúnaðarmanna áður en til uppsagna kom og var það með líku sniði og greinir hér að framan. Í einu tilviki var haft samráð við stéttarfélag án aðkomu trúnaðarmanna en það verklag samrýmist ekki lögum. Í þremur tilvikum er vitað fyrir víst að tilkynning um hópsögn hafi verið send vinnumiðlun á svæðinu. Afrit tveggja bárust trúnaðarmönnum og afrit þriggja bárust viðkomandi stéttarfélögum. Í öllum þremur tilvikum voru ekki veittar réttar eða fullnægjandi upplýsingar um þau atriði sem lög kveða á um.

Af framangreindri könnun má draga þá ályktun að framangreindar átta hópuppsagnir sem beindust að 408 félagsmönnum í 7 verkalýðsfélögum voru allar framkvæmdar með ólögmetum hætti. Það er álit Alþýðusambands Íslands að um hafi verið að ræða gróf brot á gildandi reglum í 7 tilvikum.

Viðkomandi verkalýðsfélög og trúnaðarmenn þeirra búa ekki yfir áreiðanlegum eða tæmandi upplýsingum um vitneskju eða aðkomu vinnumiðlana á viðkomandi svæðum því verulegur misbrestur virðist vera á miðlun upplýsinga milli

aðila þrátt fyrir skýr lagaákvæði þar að lútandi. Af þeim ástæðum er þess farið á leit við Vinnumálastofnun að Alþýðusambandi Íslands verði veittar upplýsingar um samskipti stofnunarinnar og / eða viðkomandi svæðismiðlana við eftirfarandi launagreiðendur:

<i>Launagreiðandi:</i>	<i>Upps.dags.:</i>	<i>Fyrsti dagur.:</i>	<i>Fjöldi uppsagna:</i>
Vinnslustöðin hf.-Vestm.	30.3 1999	1.4 1999 og	
	31.5 1999	1.6 1999	77
Kaupfélag Þing.-Húsavík	31.5 1999	1.6 1999	50
Vinnslustöðin hf.-Þorláksh.	1.6 1999	1.7 1999	74
Skinnaíðnaður hf.-Akureyri	29.6 1999	1.7 1999	37
Íhúsfélag Ísfirðinga hf.	30.6 1999	1.7 1999	100
Sæunn Axels hf.-Ólafsfirði	30.7 1999	1.8 1999	70

Jafnframt er þess farið á leit við stofnunina að hafnar verði viðræður um framkvæmd laganna um hópuppsagnir með það fyrir augum að leitað verði leiða til þess að tryggja rétta framkvæmd þeirra.

Virðingarfyllst,

Grétar Þorsteinsson,
forseti ASÍ.

Hjál.:
Afrít af spurningalista.
Upplýsingarit ASÍ um hópuppsagnir.

Afrit:
Félagsmálaráðuneytið.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Félagsmálaráðuneytið
Hafnarhúsinu v/ Tryggvagötu
101 Reykjavík.

Reykjavík 10. sept. 1999.

Hjálagt sendist ráðuneytinu afrit af bréfi Alþýðusambands Íslands til Vinnumálastofnunar varðandi framkvæmd hópuppsagna fyrr á þessu ári. ASÍ hefur óskað eftir upplýsingum frá stofnuninni og viðræðum um framkvæmd laga nr. 95/1992 um hópuppsagnir. ASÍ telur nauðsynlegt að lögin verði tekin upp til endurskoðunar og inn í þau felld ákvæði sem stuðlað geti að rétttri framkvæmd þeirra og er reiðubúið til samstarfs við ráðuneytið um það efni.

Virðingarfyllst,

Grétar Þorsteinsson,
forseti ASÍ.

Hjál.:
Afrit af bréfi ASÍ til Vinnumálastofnunar
dags. 10.9 1999 ásamt fylgiskjöllum.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Vinnumálastofnun,
c/o Gunnar E. Sigurðsson
Hafnarhúsinu v/ Tryggvagötu
101 Reykjavík.

Reykjavík 3.11 1999.

Fyrr á þessu ári átti sér stað hryna uppsagna á suðurlandi, norðurlandi og á vestfjörðum. Í framhaldinu hrinti Alþýðusamband Íslands af stað könnun meðal verkalýðsfélaga og trúnaðarmanna á þeim stöðum þar sem hópuppsagnir höfðu átt sér stað og voru niðurstöður sendar Vinnumálastofnun sem samkvæmt bréfi þínu dags 25.9 s.l. er með erindið til skoðunar. Á síðustu mánuðum hafa enn átt sér stað hópuppsagnir sem ASÍ telur að framkvæmdar hafi verið á ólögmætan hátt. Nú síðast uppsögn 15 ráðningarsamninga við starfsmenn Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum en nokkru áður uppsögn 18 starfsmanna Skelfisks á Flateyri og 11 starfsmanna Kjötkaupa á Reyðarfirði. Mál þessi eru öll til skoðunar hjá ASÍ og mun stofnunni verða gerð grein fyrir þeim síðar.

Í ljósi síðustu atburða lítur út fyrir að veruleg brotalöm sé í framkvæmd laganna. Á þessu ári hafa að minnsta kosti 452 launamenn á íslenskum vinnumarkaði mátt þola ólögmætar hópuppsagnir og augljóst að brýnt er orðið að grípa til viðeigandi ráðstafana. Alþýðusamband Íslands er reiðubúið til alls þess samstarfs sem nauðsynlegt er að komið verði á svo koma megi í veg fyrir áframhaldandi brot á þeim réttindum launafólks sem felast í lögum um hópuppsagnir.

Virðingarfyllst,

Grétar Þorsteinsson,
forseti ASÍ.



Reykjavík 29. október 1999

Alþýðusamband Íslands
Grétar Þorsteinsson
Grensásvegi 16A
Pósthólf 6720
128 Reykjavík

Erindi: Bréf Grétars Þorsteinssonar forseta ASÍ dagsett 10. september sl. barst Vinnumálastofnun í dag 21. september.

Vinnumálastofnun telur fulla ástæðu til að fara vel yfir öll þau atriði um hópuppsagnir sem fram koma í bréfinu.

Meginreglan er sú að svæðisvinnumiðlanir yfirfara tilkynningar um hópuppsagnir og láta viðkomandi fyrirtæki vita ef tilkynning uppfyllir ekki ákvæði laga um hópuppsagnir. Svæðisvinnumiðlanir vinna nú samkvæmt eftirfarandi forskrift Vinnumálastofnunar frá 13. júlí 1999:

Þegar skrifstofu Svæðisvinnumiðlana berst hópuppsögn, þá þarf að athuga eftirfarandi:

1. Stimpla hana samstundis með móttökustimpli skrifstofunnar, þannig að fram komi sá dagur sem skrifstofan fær uppsögnina í hendur.

2. Kanna hvort hópuppsögnin sé formlega rétt. Til þess að svo sé, þá þarf hún að innihalda eftirfarandi:

- a. Ástæður uppsagna.
- b. Fjölda starfsmanna hjá fyrirtækinu.
- c. Hve mörgum þeirra er verið að segja upp?
- d. Á hvaða tímabili uppsagninnar eiga að taka gildi.
- e. Hvort og með hvaða hætti samráð hafi átt sér stað við trúnaðarmenn skv. 2.gr. Varðandi þennan lið myndi teljast nægjanlegt að tilgreina hvort samráð hafi átt sér stað, við hvern og hvenær.

Athuga þarf að skilgreiningin á hópuppsögn skv. 1. gr. laganna byggir á upplýsingum skv. b. og c. lið hér að ofan.

Ef þessum formsatriðum er ábótavant í tilkynningunni, þá ber skrifstofunni vinsamlegast að hafa samband við fyrirtækið og óska eftir leiðréttingu.

3. Þegar formsatriðum hefur verið fullnægt á að leggja tilkynninguna fyrir svæðisráð á viðkomandi svæði á næsta fundi. Nauðsynlegt er að ræða við formann svæðisráðs fyrir fundinn ef svæðisvinnumiðlun getur veitt frekari upplýsingar til að leysa vandann eða þarf með einhverjum hætti að koma að úrræðum eða upplýsingasöfnun.

Svæðisráðin taka síðan tilkynningarnar til umfjöllunar á sínum fundum til að leita leiða til að bregðast við afleiðingum þeirra. Svæðisráðin vinna samkvæmt eftirfarandi forskrift Vinnumálastofnunar sem kynnt var á formannafundi svæðisráða 9. apríl 1999:

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga um hópuppsagnir eiga svæðisráðin að nota 30 daga frestinn til að leita lausnar á þeim vanda sem fyrirhugaðar uppsagnir munu valda.

Möguleg úrræði svæðisráða eru m.a.:

- að miðla fólki í önnur laus störf
- að kanna möguleika í fyrirhugaðri atvinnuuppbyggingu eða hugsanlegri atvinnuþróun
- að vekja athygli viðkomandi sveitarstjórnar á stöðu mála
- að undirbúa nauðsynlegar vinnumarkaðsaðgerðir m.a.
 - ráðgjöf og atvinnuleitarúrræði
 - endurmenntun
 - starfsmenntun
 - starfsþjálfun o.fl.

Þetta ferli hefur verið yfirfarið með forstöðumönnum og formönnum svæðisráða. Breytingar á fyrri forskriftum liggja aðalega í því að nú er það svæðisvinnumiðlunin sem yfirfer formsatriði tilkynninga í stað svæðisráða. Ástæða þess er sú að fundatíðni svæðisráða og áður stjórna vinnumiðlana er ekki nægjanleg til að bregðast skjótt við, þegar tilkynningar berast.

Í sumar var hins vegar ástæða til að ætla að ýmsar tilkynningar um hópuppsagnir hefðu ekki borist til Vinnumálastofnunar. Var þá gerð sérstök könnun hjá svæðisvinnumiðlunum um hvort slíkar tilkynningar hefðu borist og þær jafnframt beðnar að senda lista yfir öll þau fyrirtæki sem sent höfðu tilkynningar um hópuppsagnir frá síðastliðnum áramótum. Ef slíkar tilkynningar höfðu ekki borist og ástæða þótti til að ætla að uppsagnir skv. lögum hafi átt sér stað var viðkomandi fyrirtækjum send svohljóðandi fyrirspurn:

“Samkvæmt lögum nr. 95/1992 með síðari breytingum ber að tilkynna uppsagnir starfsfólks sbr. 3. gr. eða 6. gr. eftir því sem við á. Hafa einhverjar uppsagnir átt sér stað hjá (nafn fyrirtækis) á árinu 1999 sem falla annað hvort undir 3. eða 6. gr. laganna? Ef svo er hafa þær verið tilkynntar einhverjum þeim aðila sem getið er um í þessum lagagreinum? Meðfylgjandi er ljósrít af fyrrgreindum lögum. Vinsamlegast hafið samband við undirritaðan sem fyrst.”

Af þeim fyrirtækjum sem tilgreind eru í bréfi ASÍ, þá sendi Vinnumálastofnun einungis fyrirspurn til Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík þann 9. júlí 1999, þar sem tilkynningar höfðu borist frá öðrum aðilum á listanum þegar könnunin var gerð. Þar sem engin svör bárust og enginn var til svara á skrifstofu Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík var fyrirspurninni beint til aðstoðarmanns Kaupfélags Þingeyinga sem var í

greiðslustöðvun þann 15. júlí 1999. Aðstoðarmaðurinn hafði síðan símasamband þann 16. júlí.

Aðstoðarmaðurinn brást vel við fyrirspurn okkar og samþykkti að veita umbeðnar upplýsingar. Hann greindi einnig frá því að viðræður hefðu átt sér stað við fulltrúa starfsmanna og Verkalýðsfélag Húsavíkur. Hann upplýsti að allir þeir starfsmenn KÞ sem sagt var upp væru komnir í önnur störf nema ein kona og átti hann von á að úr því myndi leysast. Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra hefur staðfest að enginn sé nú á atvinnuleysisskrá frá KÞ og að nokkrir starfsmenn frá Aldin hefðu verið þar í stuttan tíma. Þetta kann hins vegar að hafa breyst síðar. Aðstoðarmaðurinn sendi síðan tilkynningu til svæðisvinnumiðlunar þann 28. júlí 1999.

Hvað viðvíkur öðrum fyrirtækjum á listanum, þá voru forstöðumenn svæðisvinnumiðlana í samskiptum við þau. Við óskuðum eftir að þeir greindu frá þessum samskiptum.

Tilkynning eftirfarandi fyrirtækja um hópuppsagnir barst viðkomandi svæðisvinnumiðlun sem hér segir:

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn	28. maí 1999
(Um er að ræða nafnalista vegna uppsagna 1. apríl 1999)	
Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn	31. maí 1999
Vinnslustöðin í Þorlákshöfn	29. júlí 1999
Skinnaiðnaður hf. Akureyri	30. júní 1999
Sæunn Axels ehf. í Ólafsfirði	4. ágúst 1999
Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík	28. júlí 1999
Íshúsfélag Ísfirðinga hf.	26. febrúar 1999
Íshúsfélag Ísfirðinga hf.	28. júní 1999

Svör svæðisvinnumiðlana bera öll með sér að vitneskja um hópuppsagnirnar hafi annað hvort borist með tilkynningu um hópuppsagnir eða áður eftir óbeinum leiðum en ekki frá fyrirtækjunum sjálfum. Svæðisvinnumiðlanir höfðu samband við flest fyrirtækin eða verkalýðsfélag staðarins og buðu fram aðstoð sína við að upplýsa starfsfólk um hlutverk og þjónustu vinnumiðlunarinnar. Þetta var hins vegar ekki gert þegar síðari hópuppsögn Íshúsfélags Ísfirðinga hf. og Vinnslustöðvarinnar í Þorlákshöfn áttu sér stað enda talið að forsvarsmenn fyrirtækjanna vissu um að þessi þjónusta stæði til boða og viðvíkjandi Kaupfélagi Þingeyinga á Húsavík, þar sem ekki náðist í neinn fyrr en síðar.

Fulltrúar svæðisvinnumiðlana áttu fundi með starfsfólki Íshúsfélags Ísfirðinga hf., Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum og Sæunnar Axels ehf. í Ólafsfirði auk þess sem forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Suðurlands sat fund Vinnslustöðvarinnar í Þorlákshöfn með starfsfólki. Fulltrúi Skinnaiðnaðar tók vel í slíkt boð í fyrstu en taldi slíkan fund óþarfan síðar, þegar fundarboðið var ítrekað. Ástæðan var sú að margir væru komnir í aðra vinnu og einhverjir sem höfðu fengið hópuppsögn færðu í störf annarra sem hefðu hætt. Þannig að enginn ætti að verða atvinnulaus þegar hópuppsögnin kæmi til framkvæmda hjá fyrirtækinu. Forstöðumenn töldu allir að þessir fundir hefðu verið gagnlegir og í einstaka tilvikum voru uppsagnir afturkallaðar.

Allar þessar hópuppsagnir voru lagðar fyrir svæðisráð, þar sem þær fengu ýmist sérstaka meðhöndlun eða umfjöllun samhliða öðrum hópuppsögnum á viðkomandi svæði. Í sumum tilvikum þar sem fyrirsjáanlegt var að um eitthvað atvinnuleyi yrði að

ræða var gripið til sérstakra úrræða en í nokkrum tilvikum leysti gott atvinnuástand hugsanlegt atvinnuleysi af sjálfu sér.

Vinnumálastofnun getur fyrir sitt leyti staðfest að áður nefndar tilkynningar uppfylla að mörgu leyti ekki formskilyrði laga um hópuppsagnir. Samráðs skv. 2. gr. laga um hópuppsagnir er einungis getið um í tilkynningum frá þremur aðilum. Í þremur tilvikum bárust tilkynningar of seint, þó er um að ræða að því er virðist eðlilega skýringu að ræða í a.m.k. einu tilviki, þar sem tilkynnt var til viðkomandi sveitarstjórnar. Upplýsingar um heildarfjölda starfsmanna vantaði í fimm tilvikum. Upplýsingar um tímabil uppsagna er einnig ábótavant í a.m.k. sex tilvikum og ástæður uppsagna vantar í einu tilviki. Það sem hins vegar kemur ávallt fram í tilkynningunum er dagsetning uppsagna og fjöldi uppsagna.

Vinnumálastofnun telur eftir það sem á undan er gengið að þekking á lögnum um hópuppsagnir sé mjög ábótavant. Á þetta m.a. við um samráðspáttinn sbr. 2. gr. laganna en erfitt er fyrir Vinnumálastofnun að meta eftir á hvernig að var staðið. Það er ljóst að mörg þeirra fyrirtækja sem tilkynna hópuppsagnir gera sér óljósa grein fyrir því hvað í hugtakinu samráð felst. Margir virðast líta svo á að um sé að ræða einhliða tilkynningu til starfsmanna um að það verði að segja þeim upp með örstuttum fyrirvara vegna rekstrarvanda fyrirtækisins. Þannig virðist skilgreining félagsdóms, sbr. dóm Félagsdóms 3. febrúar 1992, í máli nr. 7/199, hvað felst í því að hafa samráð vera lítt kunn. Þá hafa sumir atvinnurekendur borið fyrir sig reglur Verðbréfaþings, hvernig að þessum málum er staðið af þeirra hálfu. Tilkynningar berast einnig oft seint eða ekki og eru oft ófullkomnar.


Eins og að framan greinir er afskiptum Svæðisvinnumiðlana og Vinnumálastofnunar tekið misjafnlega. Oft er um að ræða fyrirtæki í miklum rekstrarerfiðleikum eða sem standa frammi fyrir nauðarsamningum eða kröfu um gjaldþrotaskipti. Það er oft miklum erfiðleikum bundið að ná sambandi við stjórnendur sumra þessara fyrirtækja til að kanna hvað gerst hefur. Í mörgum tilvikum er erfitt að henda reiður á hvers konar viðræður hafa átt sér stað á milli stjórnenda og fulltrúa launþega og ber aðilum sjaldnast saman um það ef um er deilt.


Vinnumálastofnun telur nauðsynlegt að endurskoða löggin í þeim tilgangi að gera þau skýrari og fella inn í löggin þær breytingar sem hafa orðið á gildissviði og í umhverfi laganna. Þessi endurskoðun er hafin af hálfu félagsmálaráðuneytisins í samráði við Vinnumálastofnun og hefur málið verið kynnt stuttlega í Samráðsnefnd um reglur á sviði félagsmála á Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem m.a. eiga sæti fulltrúar ASÍ. Við þá endurskoðun mun erindi ASÍ m.a. vera haft til hliðsjónar.

Vinnumálastofnun telur einnig nauðsynlegt að fram fari á ný kynning í atvinnulífinu á framkvæmd þessara laga ef til vill eftir að ný lög taka gildi. Vinnumálastofnun er m.a. að vinna að samræmdu tilkynningarblaði um hópuppsagnir til dreifingar.

Vinnumálastofnun er jafnframt tilbúin að eiga viðræður við ASÍ og jafnframt aðra aðila vinnumarkaðarins um framkvæmd laganna um hópuppsagnir með það fyrir augum að leitað verði leiða til þess að tryggja rétta framkvæmd þeirra.

Virðingarfyllst


Gunnar E. Sigurðsson
deildarstjóri


Ingvar Sverrisson
deildarstjóri